

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Austurvegur 39-41, Selfossi, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 14. júní 2017 breytingu á deiliskipulagi Austurvegar 39-41, Selfossi. Breytingin felst í því að fallið verður frá byggingu tveggja til þriggja hæða verslunar- og þjónustubyggingar auk þriggja íbúða. Þess í stað verði heimuluð þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishús með kjallara auk neðanjarðar bílgeymslu. Tillagan gerir ráð fyrir byggingu 32-35 íbúða auk neðanjarðar bílgeymslu fyrir allt að 16 bílastæði. Á lóðinni er gert ráð fyrir allt að 60 bílastæðum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 23. júní 2017.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2017